

Ársskýrsla

Leikskólinn Álfheimar

Skólaárið 2016-2017



Efnisyfirlit

1. Almennar upplýsingar.	3
1.1. Leikskóli (húsnæði, lóð, leikrými á barn, heildarrými o.fl.).	3
1.2. Breytingar og viðhald.	3
2. Starfsgrundvöllur.	3
2.1. Áherslur og markmið.	3
2.2. Mat á skólasterfinu, framkvæmd og niðurstöður.	3
2.2.1. Umbótaáætlanir	4
2.3. Skipulag.	5
3. Yfirlit yfir starfið á skólaárinu 2016-2017.	6
4. Starfsmenn.	6
4.1. Starfsfólk, stöðuheiti og menntun.	6
4.2. Fundir.	6
4.3. Skipulags- og námskeiðsdagar, endur og símenntun.	7
5. Börn.	9
5.2. Fjöldi barna (aldur, árgangur, barngildi, dvalartímar).	9
5.3. Börn sem njóta sérkennslu.	9
6. Foreldrasamstarf.	9
6.1. Markmið og áherslur í foreldrasamstarfi.	9
6.2. Foreldrafundir.	9
6.3. Foreldraviðtöl – upplýsingastreymi.	9
6.4. Fréttabréf.	9
6.5. Foreldrafélag.	10
7. Samstarf, fræðsla og ráðgjöf.	10
7.1. Samstarf við skólaþjónustu.	10
7.2. Samstarf við grunnskóla	10
7.3. Samstarf við háskóla.	10
7.4. Annað samstarf.	10
8. Lokaorð.	11

Leikskólinn Álfheimar

Heimilisfang: Sólvellir 6, 800 Selfoss

Símanúmer: 480 3242

Netfang: alfheimar@arborg.is

Heimasíða: www.alfheimar.arborg.is

Opnunartími leikskólans: 7:45-16:30

1. Almennar upplýsingar

1.1. Leikskóli (húsnæði, lóð, leikrými á barn, heildarrými o.fl.)

Leikskólinn Álfheimar var opnaður 13. desember 1988 og var í upphafi 2 leikskóladeildir og ein deild fyrir 1. bekk sem síðar varð skóladagheimili til ársins 1994. Þá varð leikskólinn þriggja deilda þar til febrúar 2006 þegar fjórða deildin bættist við sem bráðabirðahúsnæði.

Leikskólinn fékk grænfánann í fyrsta skipti árið 2004 og hefur fengið grænfánann sex sinnum eftir það.

1.2. Breytingar og viðhald

Lítilsháttar viðhald var yfir árið eftir þörfum.

Hurðir á Völusteini lagfærðar samkvæmt athugasemdum frá Brunavörnum, settar pumpur á þær.

Í sumarfríinu 2017 voru settar tvær nýjar rólur í garðinn, kofi var settur í sandkassa, hellulagt að leikfangaskúr í stað sands og þökulagður smá partur. Ný og öflugri vifta var sett í þvotthús ásamt því að rist var sett á hurð svo loftun yrði betri.

2. Starfsgrundvöllur

2.1. Áherslur og markmið

Leikskólinn Álfheimar starfar eftir lögum um leikskóla nr. 90/2008 með breytingum sem tóku gildi 8. apríl 2009 og Aðalnámskrá leikskóla sem gefin var út í febrúar 2011. Aðalnámskráin er stefnumótandi leiðarvísir um starf leikskóla og hver skóli markar sér sína leið að makmiðum hennar með gerð skólanámskrár. Í skólanámskrá Álfheima koma fram áherslur og sérstaða í starfinu.

Í Álfheimum er lögð áhersla á samskipti og vellíðan í leik og starfi auk virðingu fyrir náttúrunni. Leikurinn er horsteinn leikskólastarfsins því í leik læra börnin m.a. félagsleg samskipti og geta mátað sig við raunverulegar aðstæður.

Starfið byggist á Boðskipta-kenning Gregory Bateson (1905-1980) bandaríks félagsmannfræðings. Boðberar hennar þær Birgitta K. Olofson sænskur lektor í uppeldis-og sálarfræði og Berit Bae doktor í uppeldisfræði við Háskólann í Osló hafa með rannsóknum sínum á leik barna komist að því, eins og Bateson, að leikurinn er fyrst og fremst boðskipti. Kenningin fjallar um það sem fram fer í samspili barna í leik, á hvaða stigi boðskiptin eru og hvaða boðskipta- eða samskiptamynstur þau endurspeglar.

Áhersla er lögð á góð samskipti milli barna og fullorðinna, milli barna og barna og milli fullorðinna og fullorðinna, sem byggjast á virðingu, hlýju og trausti sem eru leiðarljós leikskólans.

2.2. Mat á skólastarfinu, framkvæmd og niðurstöður

Mat á starfi leikskólans fer fram með fljölbreyttum hætti. Á deildarfundum undir stjórn deildarstjóra og á deildarstjórafundum þar sem leikskólastjórar, deildarstjórar, sérkennslustjóri og verkefnistjóri útikennslu fara yfir stöðu mála. Á skipulagsdögum er endurmat og símenntum starfsmanna sinnt og áætlun gerð um framhaldið.

Skólapúlsinn lagði fyrir foreldrakönnun á skólaárinu. Umbótaáætlun var unnin í kjölfarið. Þá vann allt starfsfólk endurmat á nokkrum þáttum innan dagskipulagsins á starfsdegi í júní.

2.2.1. Umbótaáætlanir

Umbótaáætlun eftir foreldrakönnun 2017				
	Áætlanir um umbætur	Tímasetning umbóta	Tímasetning endurmats	Ábyrgðaraðili
Upplýsingamiðlun	Gera facebook síðu fyrir leikskólann	Júní/ágúst	Janúar 2018	Jóhanna og Eva Hrönn
Tímasetning á viðburðum	Könnun til foreldra	Ágúst/september	Janúar 2018	Jóhanna og Eva Hrönn
Matur	Fundur með Guðbjarti og matráði Vallaskóla	Maí 2017	Ágúst 2017	Jóhanna og Eva Hrönn
	Fundur með fræðslustjóra	Júní 2017	Ágúst 2017	Jóhanna

Umbótaáætlun eftir endurmat júní 2017				
	Áætlanir um umbætur	Tímasetning umbóta	Tímasetning endurmats	Ábyrgðaraðili
Matmálstímar	Hafragrauturinn sé ekki of þunnur	September 2017	Janúar 2018	Guðrún Lilja
	Fjölbreyttari tengundir af ávöxtum og grænmeti	September 2017	Janúar 2018	Guðrún Lilja og Ásta
	Athuga hvort hægt er að hafa meiri fjölbreytni í morgunmat.	September 2017	Október 2017	Guðrún Lilja og Jóhanna
	Fjölbreyttara álegg	September 2017	Janúar 2018	Guðrún Lilja
	Vögnum skilað á réttum tíma	September 2017	Janúar 2018	Deildarstjórar
	Eldhús sé látið vita tímanlega ef á að borða úti	September 2017	Janúar 2018	Deildarstjórar

Lestrarstundir	Orðaspjall sé notað á öllum deildum	September 2017	Janúar 2018	Allir
Frjálsi leikurinn	Athuga hljóðvist á Völusteini	September – október 2017	Janúar 2018	Stjórnendur og deildarstjóri og kennarar á Völusteini
	Frjálsi leikurinn skoðaður með tilliti til dagskipulags	Sept 2017- apríl 2018	Maí 2018	Stjórnendur og gæðaráð
Undirbúnings-tímar	Allt starfsfólk fái undirbúningstíma	Sept 2017- apríl 2018	Maí 2018	Stjórnendur og deildarstjórar
	Skoða að deildarstjórar fái sameiginlegan undirbúningstíma og eftir hádegi.	Sept 2017- desember 2017	Janúar 2018	Stjórnendur
	Deildarstjórar komist í tölvu 1x á dag í tengslum við bókarfund/kaffi	September 2017- apríl 2018	Maí 2018	Deildarstjórar og stjórnendur
Annað	Starfsfólk ekki með síma inni á deildum nema með leyfi deildarstjóra	September 2017- desember 2017	Janúar 2018	Allir
	Fá læstar hirslur fyrir skjalavörslu	2018	Desember 2018	Stjórnendur
	Bæta umgengni í þvottahúsi	September – desember 2017	Janúar 2018	Allir
	Nesti starfsmanna í ískáp á Völusteini	Sept – des 2017	Janúar 2018	Allir
Endurbætur í eldhúsi	Laga eldavélahellur	September 2017	Janúar 2018	Stjórnendur/eignadeild
	Fá stærri ofn	September 2017	Janúar 2018	Stjórnendur/eignadeild
	Laga símann	September 2017	Janúar 2018	Stjórnendur/tölvudeild
	Nýr Svangi Mangi og ruslatunna	2018	Desember 2018	stjórnendur

2.3. Skipulag

Leikskóladagatal sem samþykkt var fyrir skólaárið er ákveðinn rammi um skipulag á skólaárinu. Þar koma m.a. fram starfsdagar og viðburðir. Deildarstjórar gera dagskipulag deilda/hópa fyrir hvern dag sem fellur að skipulagi skólans og tekur mið af nemenda- og starfsmannahópi hverju sinni.

Opnunartími leikskólans er 7:45 – 16:30. Opnað var á öllum deildum en frá 16:15-16:30 var barnahópurinn sameinaður á Álfasteini annarsvegar og Völusteini hins vegar.

3. Yfirlit yfir starfið á skólaárinu 2016-2017

Starfsfólk leikskólans tók þátt í þróunarverkefninu Námsmat á mörkum skólastiga ásamt öðrum skólum í sveitarfélaginu. Fyrstu forgangsverkefni okkar í verkefninu voru að skoða og móta okkur verklagsreglur í kringum það námsmat sem þegar var verið að nota í skólanum. Þau eru orðaskil, TRAS og Hljóm-2, einnig ákváðum við að koma af stað vinnu við ferilmöppur barnanna. Annað forgangsverkefni var að skoða námsþættina úr Aðalnámskrá leikskóla í samhengi við námsmat og hvaða þætti og þá hvernig við teljum mikilvægast að meta. Veturinn 2017-18 verður haldið áfram með námsmatsverkefnið og stefnt að því að Námsmatshandbók leikskólans Álfheima verði tilbúin á vorönn.

Áhersla var lögð á umhverfismennt leikskólans og var skoðað hvernig best er að haga moltugerðinni og flokkun almennt.

Auk þess var haldið upp á ýmsa tyllidaga á leikskólaárinu eins og til dæmis dag íslenskrar náttúru, dag íslenskrar tungu, ýmsa litadaga, litlu jólin, dag leikskólans og vorhátíð.

4. Starfsmenn

4.1. Starfsfólk, stöðuheiti og menntun

Í vetur voru 29 starfsmenn starfandi í Álfheimum í mismunandi stöðum og stöðuhlutfalli. Einn starfsmaður var í veikindaleyfi. Jóhanna Þórhallsdóttir leikskólastjóri hóf störf 1. september og Eva Hrönn Jónsdóttir aðstoðarleikskólastjóri hóf störf 1. júní. Lísbet Nílsdóttir fór í ársleyfi sem sérkennslustjóri og var deildarstjóri á Álfasteini.

Á skólaárinu voru í Álfheimum starfandi tíu leikskólakennarar, einn grunnskólakennari, einn með B.Ed. í faggreinakenndu í grunnskóla, einn uppeldisfræðingur, einn þroskaþjálfari, einn mannfræðingur, þrír með stúdentspróf og aðrir með grunnskólapróf. Fjórir starfsmenn voru í fjarnámi, tveir af þeim eru í mastersnámi og tveir útkrifuðust stúdent í maí. Tveir starfsmenn voru í stöðu aðstoðarmatráðs, hvor í 75%, en hádegismatur kom frá Vallaskóla. Starfmaður í 62% stöðu ræstir leikskólann.

4.2. Fundir

Deildarstjórafundir voru einu sinni í viku á þriðjudögum kl. 13:00-14:00. Á þeim fundum situr stjórnunarteymi leikskólans og fer yfir starf leikskólans. Fundagerðir eru sendar öllum starfsmönnum leikskólans til að upplýsa alla um ákvarðanir og umræður á fundunum.

Í vetur hefur hver deild fengið deildarfund í hálf tíma einu sinni í viku. Deildirnar hjálpast að til að hægt sé að halda þessa fundi.

Umhverfisnefndarfundir voru einu sinni í mánuði. Á þeim er farið yfir ýmislegt sem tengist grænfánum. Í umhverfisnefnd er einn fulltrúi af hverri deild, verkefnistjóri útíkennslu, leikskólastjóri ásamt foreldri. Á þessu skólaári voru tveir foreldrar sem sátu umhverfisnefndarfundum.

Starfsmannafundir með öllum starfsmönnum voru haldnar á starfsdögum.

Fundir þróunarstjórnar vegna þróunarverkefnisins voru að jafnaði vikulega á haustönn, en sjaldnar á vorönn.

Aðrir sameiginlegir fundir sem fulltrúar leikskólans sóttu með fagteymum í Árborg eru: Leikskólastjórafundur sem eru fyrsta þriðjudag í mánuði, sérkennslustjórafundur, faghópur um samstarf grunn- og leikskóla, fjölmenningsarteymi og samráðsfundur matráða í Árborg.

4.3. Skipulags- og námskeiðsdagar, endur og símenntun

18. ágúst 2016	<ul style="list-style-type: none"> - Unnið að þemaverkefnum veturinn 2016-2017 - Heimsókn í Leikskólann Árbæ og kynning á þróunarverkefni um lýðræði - deildarfundir, undirbúningur fyrir veturinn/þema - kynning á þróunarverkefninu, Námsmat á mörkum skólastiga
17. nóvember 2016	<ul style="list-style-type: none"> - kosning í skemmtinefnd - starfsmannafélag stofnað - kynning á orðaspjalli - deildarfundir - Öryggistrúnaðarmenn og Trúnaðarmenn FOSS og FL hitta sitt fólk - Námsmat á mörkum skólastiga eftir hádegi, sameiginlegur fyrirlestur með öllum leikskólunum þar sem Anna Elísa Hreiðarsdóttir lektor við kennaradeilda HA fjallaði um námsmat með áherslu á leiðsagnarmat.
2. janúar	<ul style="list-style-type: none"> - eftir hádegi, fyrirlestur og hópavinna í umsjón Rúnars Sigþórssonar, leiðsagnarmat, starfsþróun í lærdómssamfélagi og námssvið leikskóla. - farið yfir markmið námsmatsverkefnisins, orðaskil, TRAS, Hljóm-2 og Ferilmöppur kynnt fyrir öllu starfsfólki - farið yfir sterkar og veikar hliðar námsmats hjá okkur - hópavinna þar sem farið var yfir námssvið aðalnámskrár og námsmat í tengslum við þau.
21. febrúar 2017	<ul style="list-style-type: none"> - kynning á skýrslu starfshóps um uppbyggingu leik- og grunnskóla í Árborg - fagleg framtíð Álþeima – hópavinna þvert á deildir - námsmatsverkefnið, hver er staðan hjá okkur - eftir hádegi fyrirlestur um lýðræði í leikskóla og uppeldisfræðilega skráningu á Stokkseyri.
7. júní 2017	<ul style="list-style-type: none"> - námsþættir og námsmat – hópavinna - endurmat - umfjöllun um ágreining og rökræður - námskeið úti í skógi; tálgun, grisjun og eldiviður - niðurstöður foreldrakönnunar og umbótaáætlun

Símenntun	Tímabil	klst	Kostnaður*	Þátttakendur
Útikennslunámskeið Úlfjótsvatni	á september	8		Verkefnastjóri útikennslu 1 leiðbeinandi
Kvíði barna	6. sept	1		1 deildarstjóri

Leikskólinn Álfheimar, ársskýrsla 2016-2017

				1 leiðbeinandi
Samfélagsmiðlar í skólastarfi	12. sept	5		1 leikskólakennari
ART námskeið	20.-23. sept	24		1 leikskólakennari
Stjórnendanámskeið	27. og 28. sept	14		Leikskólastjóri
ISART aðalfundur	30. sept	1		1 deildarstjóri
Lubba námskeið	31. okt	7		1 deildarstjóri
Starfsdagur Ísbrúar	4. nóvember	3		1 deildarstjóri 1 leikskólaleiðbeinandi A
NaNo námskeið	8. nóvember 2016	2		Verkefnastjóri útikennslu 1 leiðbeinandi
Stjórnendanámskeið	25. nóv og 9. des. 2016	5,5		Leikskólastjóri Aðstoðarleikskólastjóri
Einhverfunámskeið	24. nóv	8		1 þroskaþjálfari
Framhaldseinhverfunámskeið	30. nóv 2016	4		Aðstoðarleikskólastjóri 1 þroskaþjálfari
Nýliðanámskeið fyrir nýtt starfsfólk í leikskólum	26. sept, 5. og 11. október	4 klst		3 leiðbeinendur
Snemmtæk íhlutun	3. október 2017	2,5		1 deildarstjóri
Þjálfunarnámskeið hjá GRR vegna atferliþjálfunar	16. og 18. Janúar 2017	6		1 deildarstjóri 1 þroskaþjálfari
Námskeið í Völu	24. janúar 2017	3,5		Leikskólastjóri Aðstoðarleikskólastjóri
Atferlisíhlutun GRR	26. og 27. Janúar 2017	14	72.000	1 deildarstjóri 1 þroskaþjálfari
Grænfánaráðstefna	10. febrúar	7		Leikskólastjóri 1 leiðbeinandi
Orðaforði tvítyngdra barna	23. mars	2		2 leiðbeinendur
Skráningarnámskeið v/atferliþjálfunar	6. apríl	3		1 þroskaþjálfari
Tvítyngisnámskeið	12, jan, 9. Mars og 30. mars	7,5		1 leikskólakennari
Íslenski málhljóðamælirinn	19. maí 2017	8		Aðstoðarleikskólastjóri 1 leikskólaleiðbeinandi A
Skyndihjálparnámskeið	13. júní	4	24.600	2 deildarstjórar 1 leiðbeinandi
Skyndihjálparnámskeið	14. júní 2017	4	24.600	Verkefnastjóri útikennslu 1 deildarstjóri 1 leiðbeinandi
Skyndihjálparnámskeið	15. júní 2017	4	24.600	1 deildarstjóri 2 leiðbeinendur

* Kostnaður ef leikskóli greiddi, ef ekkert skráð þá borgað af starfsmanni eða námskeið án kostnaðar

5. Börn

5.2. Fjöldi barna (aldur, árgangur, barngildi, dvalartímar)

Fjöldi barna í leikskólanum haustið 2016 voru 83

Aldursskiptingin var þannig:

Börn fædd 2011 voru 25

Börn fædd 2012 voru 22

Börn fædd 2013 voru 13

Börn fædd 2014 voru 13

Börn fædd 2015 voru 10

5.3. Börn sem njóta sérkennslu

Í Álfheimum er áhersla lögð að mæta hverju barni þar sem það er statt og veita stuðning eftir þörfum. Á skólaárinu voru mynduð teymi um átta börn þar sem foreldrar, deildarstjóri, aðstoðarleikskólalastjóri og oftast sérkennsluráðgjafi höfðu samráð um stuðning við börnin.

6. Foreldrasamstarf

6.1. Markmið og áherslur í foreldrasamstarfi

Í Álfheimum er samstarf við foreldra fléttað inn í allt starf leikskólans. Í upphafi leikskólagöngu barnsins er lögð áhersla á gótt upplýsingaflæði milli foreldra og leikskólans og er öllum nýjum foreldrum boðið á kynningarfund áður en aðlögun hefst. Í upphafi aðlögunar eru foreldrar boðaðir í viðtal þar sem skipts er á upplýsingum.

Lögð er áhersla á að taka vel á móti hverjum og einum. Auk þess eru dagleg samskipti einn mikilvægasti hlekkurinn milli fjölskyldu og leikskólans þar sem við skiptumst á upplýsingum

um barnið. Það er því nauðsynlegt að foreldrar hitti kennara barnsins reglulega.

Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann að fylgjast með og taka þátt í starfinu, einnig eru foreldradagar til dæmis með þátttöku á vorhátíð og skógarferðum.

6.2. Foreldrafundir

Í júní var foreldrafundur fyrir foreldra barna sem byrjuðu leikskólagöngu um haustið. Kynningarfundir fyrir foreldra voru 5., 6., 11., og 12. október kl. 15:00.

6.3. Foreldraviðtöl – upplýsingastreymi

Foreldraviðtöl eru tvisvar á skólaárinu, á haustönn og vorönn.

6.4. Fréttabréf

Fréttabréf voru gefin út sex sinnum yfir skólaárið. Fréttir voru jafnframt setta á heimsasíður leikskólans, á tilkynningartöflur og með tölvupósti.

6.5. Foreldrafélag

Leikskólinn nýtur góðs af öflugu foreldrafélagi. Stjórn þess er jafnframt foreldraráð leikskólans. Hlutverk þess er að standa fyrir ýmsum skemmtilegum uppákomum fyrir börn leikskólans og eins að fylgjast með leikskólastarfinu, lesa yfir og gefa umsögn um námskrá og starfsáætlun leikskólans. Góð samvinna var við foreldrafélagið í vetur þar sem það kom að málefnum leikskólans.

7. Samstarf, fræðsla og ráðgjöf

7.1. Samstarf við skólaþjónustu

Við höfum átt gott samstarf við skólaþjónustu Árborgar. Þar höfum við unnið með sérkennsluráðgjafa, sálfræðingi, talmeinafræðingi og kennsluráðgjafa tvítýngdra barna.

7.2. Samstarf við grunnskóla

Gullin í grendinni er samstarfsverkefni Álfheima og Vallaskóla þar sem markmiðið er að efla samstarf milli skólastiganna. Fjórir hópar sem saman standa af elstu börnum leikskólans og yngstu börnum grunnskólans hittast einu sinni í mánuði og fara saman út í skóg.

Samstarf við grunnskólann hefur að öðru leiti verið með svipuðum hætti og undanfarin ár og er nú komið í nokkuð góðan farveg. Þeir nemendur í fysta bekk Valla- og Sunnulækjarskóla sem voru í Álfheimum á síðasta skólaári komu í heimsókn í október og desember (tvö skipti í senn). Elstu börn leikskólans fóru í heimsóknir á báða skólana í janúar. Heimsóknir í íþróttir og sund áttu sér stað í febrúar og mars. Vorskólinn fór fram í apríl, börnin sóttu vorskóla í þeim skóla sem þau fara í. Heimsóknirnar tókust mjög vel. Endurmat fór fram í faghópi um samstarf leik- og grunnskóla. Í vor voru skilafundir milli leik- og grunnskólanna þar sem gögnum væntalegra nemenda var skilað í grunnskólann.

7.3. Samstarf við háskóla

Á skólaárinu voru hjá okkur í vettvangsnámi tveir leikskólakennaranemar frá Háskóla Íslands. Auk þess voru tveir vettvangsnemar í starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun frá Háskóla Íslands.

7.4. Annað samstarf

Í vetur vorum við í góðu samstarfi við alla leikskólana í Árborg, alla grunnskólana og FSu í gegnum þróunarverkefnið Námsmat á mörkum skólastiga. Samstarf hélt áfram við Háskólann Artevelde í Belgíu sem hefur verið síðan 2015, en leikskólkennaranemar á öðru ári í grunnnámi koma í vettfangsnám hingað. Samstarf við Ólaf Oddson í tengslum við Gullin í grendinni hélt áfram eins og undanfarin ár.

8. Lokaorð

Ársskýrsla 29. starfsárs leikskólans Álfheima hefur verið gerð skil í þessu riti. Í henni er að finna áherslupætti leikskólans. Er það von mín að hún varpi ljósi á það leikskólastarf sem í Álfheimum á sér stað. Skólaárið 2016-2017 var í senn bæði viðburðaríkt og skemmtileg. Í upphafi skólaárs tóku við nýjir stjórnendur, bæði leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Því má segja að skólaárið hafði einkennst af því.

Öllu starfsfólki sem starfaði við leikskólann Álfheima leikskólaárið 2016 – 2017 þakka ég samstarfið um leið og ég óska okkur öllum sem í Álfheimum störfum góðs gengið á næsta leikskólaári.

Álfheimum 1. október 2017.

Jóhanna Þórhallsdóttir

Leikskólastjóri Álfheima.